

MÓTTEKIÐ

18. mars 2015

K.R.S.T
SYSLUMENN



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

101 Austurstræti ehf.
Austurstræti 5 ehf.
Austurstræti 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. mars 2015

Efni: Viðvörun – Leyfislaus rekstur veitingastaðarins Austurs að Austurstræti 7 í Reykjavík

Sýslumaðurinn á Höfuðborgarsvæðinu sem leyfisveitandi á grundvelli 3. mgr. 7. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald veitir yður skriflega aðvörun vegna leyfislausrar starfsemi.

Samkvæmt leyfisbréfi útgefnu af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hinn 3. maí 2013 var 101 Austurstræti ehf. kt. 691211-1420 veitt leyfi til reksturs veitingastaðarins Austurs að Austurstræti 7 í Reykjavík. Nánar tiltekið er um að ræða skemmtistað eða veitingastað í flokki III.

Útgefið rekstrarleyfi er bundið við tilgreinda starfsemi og leyfishafa. Rekstarleyfi er á engan hátt framseljanlegt sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2007.

Embættinu barst tölvupóstur hinn 16. feb. 2015 frá Kamran Keivanlo kt. 110475-2929, stjórnarformanni í Austurstræti 101 ehf. Í umræddu erindi kom fram að sala áfengra veitinga á veitingastaðnum Austur væri í höndum annars aðila, þ.e. Austurstrætis 5 ehf. kt. 670614-1740.

Eru umræddar upplýsingar studdar skriflegum gögnum þ.m.t. posakvittunum úr greiðslukerfi staðarins.

Slík veitingasala sem hér um ræðir er háð útgáfu rekstrarleyfis sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 85/2007. Samkvæmt gögnum embættisins hefur Austurstræti 5 ehf. ekki fengið útgefið leyfi fyrir umræddri starfsemi.

AÐSETUR-ADDRESS:

Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
IS – ICELAND

SÍMI-TELEPHONE:

458-2000
BRÉFASÍMI – TELEFAX:
562-4811

NETFANG – EMAIL:

syslumadurh@syslumenn.is
VEFSÍÐA – WEB PAGE:
www.syslumenn.is

KENNITALA ID.NO:

650914-2520




Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Vakin er athygli á að samkvæmt 23. gr. laga nr. 85/2007 skal lögreglustjóri án fyrirvara eða aðvörunar stöðva leyfisskylda starfsemi sem fer fram án tilskilins leyfis. Á það m.a. við þegar ekki hefur verið gefið út rekstrarleyfi vegna hinnar leyfisskyldu starfsemi eða nýr rekstraraðili hefur ekki fengið útgefið nýtt rekstrarleyfi sbr. a. lið. 1. mgr. 23. gr.

Er hér með skorað á rekstraraðila að bæta úr annmörkum á rekstrinum svo ekki þurfí að koma til aðgerða samkvæmt ofangreindum ákvæðum laga nr. 85/2007.

Virðingarfyllst

F.h Sýlumannsins á höfuðborgarsvæðinu


Sigurður G. Hafstað
löglærður fulltrúi



Afrit sent

Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu
Hverfisgötu 113-115
101 Reykjavík

KRST lögmönnum
Tryggvagötu 11
101 Reykjavík